

Stofnanasamningur

milli SFV og SFR – stéttarfélags í almannapjónustu, skv. ákvæðum kjarasamnings félagsins og SFV, 9. september 2005 með síðari breytingum.

Stofnanasamningur SFR og eftirtalinna stofnana innan SFV (Ás, Eir, Grund, Hamrar, HNLFI, Hrafnista Reykjavík, Hrafnista Hafnarfirði, Hrafnista Hlévangi, Hrafnista Kópavogi, Hrafnista Nesvellir, Krabbameinsfélagið, Mörk, SÁÁ, Sjálfsbjargarheimilið, Skjól, Skógarbær, Vigdísarholt). samkvæmt 11. kafla í kjarasamningi félagsins og SFV dags. 9. september 2005 með síðari breytingum.


1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna SFR er starfa hjá ofangreindum stofnunum. Stofnanasamningur þessi kemur í stað þeirra stofnasamninga sem ofangreindar stofnanir hafa gert við SFR og gildir fyrir þær stofnanir frá 1. mars 2014. Samningurinn er hluti af heildarkjarasamningi milli SFV og SFR.

2. Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningi þessum:

- að grunnröðun starfa verði sambærileg á milli stofnana og allar ákvarðanir um launasetningu séu teknar með málefnalegum hætti og starfsmönnum tryggð jöfn laun fyrir sambærileg störf.
- að almenn ákvæði um jafnrétti nái fram að ganga
- að launakerfið stuðli að vinnuhagræðingu með því að tengja breytingar á launum við frammistöðu/árangur í starfi.
- að launakerfið gefi kost á að frammistaða og hæfni starfsmanna sé metin tímabundið eða varanlega og sé þannig byggt upp að það feli í sér hvata til framgangs í starfi.
- að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum um rekstur þeirra stofnana sem samningurinn nær til og styðji við framtíðarsýn þeirra.
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til framgangs í starfi með hliðsjón af árangri, aukinni þekkingu, þjálfun og eðli þeirra starfa sem þeir gegna.
- að starfsmönnum verði veitt tækifæri til að viðhalda og auka þekkingu sína með þátttöku í námskeiðum og starfsnámi sem nýtast í starfi.
- að leitast verði við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma kröfur starfs, einkalífs og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er.



3. Almenn um röðun starfa

Við ákvörðun grunnröðunar starfa í launaflokk er fyrst og fremst verið að meta verkefni og umfang þeirra ásamt skyldum sem í starfinu felast auk lágmarks færni sem þarf til að get innt starfið af hendi. Stefnt skal að því að starfslýsingar verða ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka. Grunnröðun starfa er í fylgiskjali 1 og er skjalið hluti af samningi þessum.

4. Viðbótarforsendur við mat á launaröðun

4.1. Starfsreynsla

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnunni skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- Starfsmaður með eins árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður með þriggja ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður með fimm ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk

Til viðbótar lágmarksröðun starfa í launaflokk við nýráðningu er heimilt að meta til hækkunar allt að tveimur launaflokkum starfsreynslu starfsmanna hjá öðrum stofnunum að hluta eða öllu leyti, ef hún nýtist í starfi. Heimilt er þannig að flýta launahækkun samkvæmt ákvæði þessu vegna starfsreynslu utan þeirra stofnana sem að samningur þessi nær til, enda hafi starfsmaður náð verulegri starfsfærni áður en umræddum starfstíma er náð.

Ofangreint á ekki við um félagsliða

4.2. Persónubundnir þættir

Við röðun einstaklinga til launa umfram það sem greinir í kafla 3 er heimilt að meta persónubundna þætti. Þeir persónubundnu þættir sem koma til álit í þessu sambandi eru:

- aukin hæfni starfsmanns til að gegna starfinu vegna mikillar starfsreynslu innan eða utan stofnunar
- aukin hæfni starfsmanns til að gegna starfinu vegna formlegrar menntunar, símenntunar eða starfstengdra námskeiða
- aukin hæfni starfsmanns til að gegna starfinu vegna sjálfstæðis í vinnubrögðum, frumkvæðis og mjög góðs árangurs í starfi. Starfsmaður hefur mjög góða færni og ástundar fagleg vinnubrögð

- starfsmaður sýnir sérstaka hæfni til samskipta og samvinnu og hefur ríka þjónustulund
- starfsmaður sýnir sérstaka hæfni til að fræða og leiðbeina öðrum
- starfsmaður hefur umtalverða viðbótarábyrgð og /eða álag vegna sérstakra eða umfangsmikilla verkefna, viðvarandi eða tímabundinna
- starfsmaður hefur sérstaka reynslu sem nýtist vel í starfi

4.3. Starfsnám - símenntun

Stofnanir innan SFV og samningur þessi nær til skulu stuðla að því að styrkja starfsmenn í störfum sínum og sjá til þess að þeim standi viðeigandi starfsnám til boða innan sem utan stofnunar. Starfsmenn auki með því þekkingu sína og færni þannig að stofnanirnar hafa ævinlega á að skipa hæfum einstaklingum sem eru tilbúnir til þess að takast á við ný verkefni og störf á hverjum tíma.

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun sem viðurkennt er af samningaðilum eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi skal hækka um allt að 3 launaflokkum sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- Starfsmaður skal þegar 60 kennslustundaum er náð hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður skal þegar 120 kennslustundum er náð hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður skal þegar 200 kennslustundum er náð hækka um 1 launaflokk

4.4. Menntun – mat á formlegu námi

Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- Starfsmaður sem lokið hefur formlegu starfsnámi allt að 2 vetrum m.v. fullt nám skal hækka um 1 launaflokk.
- Starfsmaður sem lokið hefur stúdentsprófi/sveinsprófi skal hækka um 1 launaflokk.

5. Menntun – möguleikar á námi samhliða starfi

Á samningstímanum skal stefnt að því að leita leiða til að gefa ófaglærðum félagsmönnum innan SFR kost á að sækja sérhæfða þjálfun og /eða formlegt starfsnám. Með sérhæfðu og/eða formlegu námi er meðal annars átt við sérstaka hæfni sem stofnunin leggur áherslu á að starfsmaður tileinki sér, eða formlegt nám sem styrkir starfsmanninn í þeim verkefnum sem stofnunin felur honum.

K3

ifm

6. Starfsmannasamtöl og mat á frammistöðu

Starfsmenn skulu eiga kost á starfsmannaviðtali einu sinni á ári.

7. Endurskoðun

Heimilt er hvorum aðila um sig að óska eftir endurskoðun stofnasamnings samkvæmt 11 kafla kjarasamnings aðila.

8. Gildistaka

Samningur þessi öðlast gildi 1. mars 2014.

Reykjavík, 22. maí 2014

Kristján Sýttson
Hauður Sigurðsson

Auni St. Jónsson

Bókun 1

Við yfirfærslu í stofnanasamning þennan skal þess gætt að engin starfsmaður lækki í launum við röðun yfir í nýjan stofnanasamning.

Bókun 2

Þau ákvæði í eldri stofnanasamningum einstakra stofnana SFV sem ekki eru sértaklega tilgreind í þessum samningi eru í fullu gildi.

Bókun 3

Samningsaðilar eru sammála um að á vettvangi samstarfsnefndar verði í október mánuði 2012 og 2013 farið yfir launasetningu og framkvæmd samningsins.

Bókun 4

Frumugreinar, sem starfa við Krabbameinsfélag Íslands og eru félagsmenn í SFR, skulu við ákvörðun um grunnröðun og mat á viðbótarforsendum fá sambærileg laun og lífeindafræðingar (meinataeknar) á Frumurannsóknarstofu Krabbameinsfélag Íslands hafa á hverjum tíma.

Fylgiskjal 1 með stofnanasamningi SFV og SFR dags 22. maí 2014

Fylgiskjal þetta er til samræmingar á grunnröðun starfa inna þeirra stofnana sem samningur þessi tekur til. Í ljós hefur komið að sambærileg störf hafa verið launasett með misjöfnum hætti á milli einstakra stofnana. Því er farin sú leið í þessum samningi að gefa stofnunum færi á að aðlagla launakerfi sín að samningnum með því að hafa ákveðið svigrúm í grunnlaunasetningu starfa.

Stefnt er að því að fara yfir starfslýsingar starfa innan SFV sem samningur þessi nær til með það að markmiði að samræma launasetningu. Tryggt verður að engin starfmaður lækki í launum með þessum nýja samningi.

Starfsheiti, almenn	Grunnlaunaflokkur	Grunnlaunafl. mars 2014
Aðstoðarmaður sjúkráþjálfara, iðjuþjálfara, starfsleiðbeinandi, baðvörður, sérhæfður starfsmaður og starfsmaður í þjónustumiðstöð	7	10
Starfsmaður á saumastofu	7	10
Sundlaugavörður	8	11
Sundlaugavörður með hæfnispróf skv. reglugerðar nr. 814/2010		13
Bífreiðastjóri	8	11
Bókavörður	8	11
Leiðbeinandi og fulltrúi í félagsstarfi og verkstjóri vinnustofu	8-9	11-12
Samskiptafulltrúi	9	12
Yfirmaður félagsstarfs og þjónustustjóri	8-10	11-12
Hárgreiðslumaður og snyrtir	11-13	13-15
Félagsliði		16
Félagsliði með 1 árs starfsreynslu		17
Félagsliði með 3 ára starfsreynslu		18

Starfsheiti, eldhús	Grunnlaunaflokkur	Grunnlaunafl. mars 2014
Starfsmaður eldhús	7	10
Verkstjóri í borðsal	10	12
Matartæknir, matráðsmaður	10-12	12-14
Matreiðslumaður, bakari	14-15	16-17
Matreiðslumeistari, yfirmatreiðslumaður	20	22
Forstöðumaður eldhúss I (minna)	21	23
Forstöðumaður eldhúss II (stærri)	24	26

Starfsheiti, umsjón fasteigna, lóða, þvottahúss	Grunnlaunaflokkur	Grunnlaunafl. mars 2014
Vaktmaður	7	10
Yfirvaktmaður, verkstjóri í þvottahúsi	9-11	12-13
Ræstingarstjóri, yfirmaður þvottahúss og garðyrkjustjóri	15	17
Forstöðumaður reksturs fasteigna, umsjón fasteigna, umsjónarmaður	17	19

Starfsheiti, skrifstofa	Grunnlaunaflokkur	Grunnlaunafl. mars 2014
Símavörður, símavarsla, móttökuritari, skrifstofumaður, fulltrúi í móttöku, innlagnafulltrúi, og ritari (hjúkrun)	7-9	10-12

Handwritten signature

Handwritten mark

Skrifstofumaður	8-10	11-12
Gjaldkeri/símavörður	10	12
Sérhæfður skrifstofumaður, inntöku og kynningarmál og fésýslufulltrúi, launfulltrúi I	14-15	16-17
Hjúkrunar, heilbrigðis- og læknaþjálfari	11	13
Heilbrigðisritari (löggiltur)	13	15
Læknaþjálfari (löggiltur)	14	16
Yfirlæknaþjálfari	14-15	16-17
Bókari I, læknafulltrúi II, aðalfélagar	16-17	18-19
Bókari II og launafulltrúi II.	18-21	20-23
Deildarstjóri launadeildar, deildarstjóri og skrifstofustjóri	22-24	24-26

Starfsheiti, ráðgjafi, dagskrárstjóri SÁÁ	Grunnlaunaflokkur	Grunnlaunafl. mars 2014
Áfengisráðgj. í þjálfun	7	10
Áfengisráðgj. e. 1.ár	8	11
Áfengisráðgj. e. 2.ár	11	13
Áfengisráðgjafi m. réttindi	14	16
Áfengisráðgj. m. sérverkefni	17	19
Dagskrárstjóri	24	26
Frumugreinir hjá Krabbameinsfélagi Íslands	Skv. bókun 4	
Sjúkranuddarar hjá HNLFI	Skv. samkomulagi við HNLFI	

Fylgiskjal 2 með stofnanasamningi SFV og SFR dags 22. maí 2014

Fylgiskjal þetta tekur til atriða er varða kjör áfengisráðgjafa hjá SÁÁ

1. Starfsreynsla

Starfsreynsla og menntun áfengisráðgjafa, dagskrárstjóra er metin í starfsheitum þeirra á fylgiskjali 1 og því eru áfengisráðgjafar undanskýldir grein 4.1 í stofnanasamninginum.

2. Um kjör ráðgjafa og dagskrárstjóra

- 2.1 Aðlögunartími/þjálfun. Á aðlögunar/þjálfunartíma sem stendur yfir í 24 mánuði, starfar starfsmaður ákveðinn lágmarkstíma á hverjum meðferðarstað SÁÁ sem hér segir:
Sjúkrahúsið Vogur 6 mánuðir
Meðferðarheimili Vík 3 mánuðir
Meðferðarheimilið Staðarfelli 3 mánuðir
Göngudeildum 4 mánuðir

- 2.2 Skráning vinnutíma. Allir þeir sem fá greitt eftir samningi þessum skrá vinnutíma sinn með stimpilklukku eða skila nákvæmri vinnuskýrslu þar sem stimpilklukku nýtur ekki við. Eru þessar upplýsingar notaðar til grundvallar launaútreikninga. Vinnuskýrsla skal undirrituð af viðkomandi yfirmanni/deildarstjóra.

- 2.3 Ferðatími. Ferðatími tekinn innan dagvinnutíma til og frá vinnu skal vera sem hér segir:
Vík 2 x 30 mín. á dag
Staðarfell 2 x 240 mín fyrir hvert úthald og 1 x 240 mín í ev.
Ferðatími greiðist ekki í orlofi eða öðrum fjarvistum.
Þeir sem ráðnir voru fyrir 1. mars 2001 skulu hafa sömu reglur og giltu fyrir þann tíma.

- 2.4 Akstur. SÁÁ skal greiða eftirfarandi vegna flutnings til og frá vinnustað:
Vík: 40 km. fyrir hverja ferð sem einkabifreið er notuð til og frá vinnustað samkvæmt akstursdagbók.
Staðarfell: 960 km að hámarki fyrir hvert úthald og einkabifreið er notuð og er þá greitt samkvæmt akstursdagbók. Ef einkabifreið er ekki notuð er greitt rútufargjald samkvæmt framlögðum reikningum. Sé farið um Heydal vegna ófærðar eru greiddir 25 km. að auki fyrir hverja ferð.

- 2.5 Vinnufyrirkomulag. Vinnufyrirkomulag hjá ráðgjöfum og dagskrárstjórum:
Vogur: Mæting á Vog kl. 09.00, farið frá Vog kl 17.00
Vaktavinna: Vaktafyrirkomulag er að hluta á Vog. Vaktafyrirkomulagið er skv. ákvæðum kjarasamnings hverju sinni og er sett upp í samráði við starfsmenn. Þá skal heimilt að grein 2.6.2. í aðalkjarasamningi vaktskrá er sýni væntanlega vinnutíma hvers starfsmanns lögð fram eigi síðar en 2. vikum áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst.

Göngudeildir: Mæting kl 09.00 til kl. 17. 00.

Vaktavinna: Vaktafyrirkomulag er í Göngudeildum. Vaktafyrirkomulagið er skv. ákvæðum kjarasamnings hverju sinni og er sett upp í samráði við starfsmenn. Þá skal heimilt að grein 2.6.2. í aðalkjarasamningi vaktskrá er sýni væntanlega vinnutíma hvers starfsmanns lögð fram eigi síðar en 2. vikum áður en fyrsta vakt skv. skránni hefst.





Vík: Mæting á Vík kl 09.00 farið frá Vog kl. 08.30. Farið frá Vík kl. 16.00 komið á Vog kl. 16.30.
Vinnuskýrsla útfærist þannig: 08.30 – 16.30 þegar um vakt er að ræða þá útfærist
vinnuskýrslan þannig: 17.00 til 09.00 og á helgarvakt 08.00 – 00.
Vaktavinna verði eins og verið hefur.

Staðarfell.: Mæting á vinnustað kl. 09.00 – 17.00.
Vinnuskýrsla útfærist þannig: 09.00 – 17.00 þegar um vakt er að ræða þá útfærist
vinnuskýrslan þannig: 17.00 til 09.00 og á helgarvakt 08.00 – 00.
Vaktavinna verði eins og verið hefur.

Úthald í samningi þessum telst vera 3 samfelldar vinnuvikur og 1 frívika.

- 2.6 Vaktaálag. Starfsmenn sem skila vinnuskyldu sinni eftir kl: 17.00 á virkum dögum, laugardögum og sunnudögum og sérstökum frídögum, skulu fá 55% vaktarálag á stórhátíðardögum skal greiða 90% vaktarálag.
- 2.7 Auglýsing starfa. Lausar stöður dagskrárstjóra skulu auglýstar innan deilda SÁÁ þegar þær losna með hæfilegum fyrirvara.
- 2.8 Flutningur milli deilda. Allir ráðgjafar eru ráðnir til SÁÁ skv. sérstökum ráðningar-samningum og er heimilt að flytja starfsmenn á milli deilda.



Fylgiskjal 1 með stofnanasamningi SFV og SFR dags 9. september 2014 með síðari breytingum.

Fylgiskjal þetta er til samræmingar á grunnröðun starfa innra þeirra stofnana sem samningur þessi tekur til. Í ljós hefur komið að sambærileg störf hafa verið launasett með misjöfnum hætti á milli einstakra stofnana. Því er farin sú leið í þessum samningi að gefa stofnunum færi á að aðlaga launakerfi sín að samningnum með því að hafa ákveðið svigrúm í grunnlaunasetningu starfa.

Stefnt er að því að fara yfir starfslýsingar starfa innan SFV sem samningur þessi nær til með það að markmiði að samræma launasetningu. Tryggt verður að engin starfmaður lækki í launum með þessum nýja samningi.

Starfsheiti, almenn	Grunnlaunaflokkur 1. okt. 2015	Grunnlaunaflokkur 1. júní 2016
Aðstoðarmaður sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara, starfsleiðbeinandi, baðvörður, sérhæfður starfsmaður og starfsmaður í þjónustumiðstöð	11	
Starfsmaður á saumastofu	11	
Sundlaugavörður	12	
Sundlaugavörður með hæfnispróf	14	
Bífreiðastjóri	12	
Bókavörður	12	
Leiðbeinandi og fulltrúi í félagsstarfi og verkstjóri vinnustofu	12 - 13	
Samskiptafulltrúi	12	13
Yfirmaður félagsstarfs og þjónustustjóri	12 - 13	
Hárgreiðslumaður og snyrtir	14 - 16	
Félagliði	16	
Félagliðið með 1 árs starfsreynslu	17	
Félagliðið með 3 ára starfsreynslu	18	
Félagliðið með 5 ára starfsreynslu	19	
Starfsheiti, eldhús	Grunnlaunaflokkur	
Starfsmaður eldhús	11	
Verkstjóri í borðsal	12	13
Matartæknir	16	
Matráðsmaður	12-14	
Matreiðslumaður, bakari	16-17	
Matreiðslumeistari, yfirmatreiðslumaður	22	
Forstöðumaður eldhúss I (minna)	23	
Forstöðumaður eldhúss II (stærra)	26	
Starfsheiti, umsjón fasteigna, lóða, þvottahúss	Grunnlaunaflokkur	
Vaktmaður	10	11
Yfirvaktmaður, verkstjóri í þvottahúsi	12 - 13	13 - 14
Ræstingarstjóri, yfirmaður þvottahúss og garðyrkjustjóri	17	
Forstöðumaður reksturs fasteigna, umsjón fasteigna, umsjónarmaður	19	
Starfsheiti, skrifstofa	Grunnlaunaflokkur	
Símavörður, símavarsla, móttökuritari,	11-13	

1/24

E.H.

skrifstofumaður, fulltrúi í móttöku, innlagnafulltrúi, og ritari (hjúkrun)		
Skrifstofumaður	11 - 12	12 - 13
Gjaldkeri/símavörður	13	
Sérhæfður skrifstofumaður, inntöku og kynningarmál og fésýslufulltrúi, launfulltrúi I	16 - 17	
Hjúkrunar, heilbrigðis- og læknaritari	13	14
Heilbrigðisritari (löggiltur)	15	16
Læknaritari (löggiltur)	16	17
Yfirlæknaritari	16 - 17	17-18
Bókari I, læknafulltrúi II, aðalféhirðir	18 - 19	
Bókari II og launafulltrúi II.	20 - 23	
Deildarstjóri launadeildar, deildarstjóri og skrifstofustjóri	24 - 26	
Frumugreinir hjá Krabbameinsfélagi Íslands	Skv. bókun 4	

Art E.H.